

Þjónandi forysta – samskipti og samfélagsleg ábyrgð.

Samantekt á samtali þátttakenda í hópum

Hvernig getur almenningur hjálpað valdhöfum að vera í góðum tengslum við samfélagið sem þeir þjóna?

Það er mikil vantrú á valdhöfum og vandinn byrjar þar. Almennigur reynir að vera á varðbergi gagnvart valdhöfum og vill ekki láta plata sig. Við getum reynt að fá valdhafana til að vera traustsins verða. Ábyrgð einstaklingsins liggur í því að hvetja til jákvæðni og lausnaleitar.

Með því að tjá sig og láta valdhafana vita hvað er að gerast í starfsumhverfinu. Við þurfum öll að vera meðvituð, be aware, að þekkja sjálfan sig, styrkleika og veikleika. Vera örugg með sjálf okkur og vera heilsteyppt eins og maður getur.

Við getum skrifað bréf, boðið í heimsókn, taka þátt í félagsskap sem þrýstir á að gerðir. Vera virkur í samfélaginu og taka ábyrgð á því áður en þú þrýstir á stjórnvöld. Mæta á fundi, vera virkur í samfélaginu og láta rödd þína heyrast. Húsfundi, sveitarstjórnarfundi.

Það hafa allir áhuga á leikskólamállum. Aðalfundur foreldrafélags leikskólans og það mæta 2.

Hafa sýn á það hvernig við viljum að samfélagið okkar verði og vinna eftir þeirri sýn.

Fjölmiðlar geta tekið ábyrgð á því að sýna jákvæðni meiri athygli. Fjölmiðlar kaupa ekki fréttir. Engar fréttir eru góðar fréttir.

Börn í æskulýðsstarfi vilja fá leiðbeiningar en ekki láta vinna fyrir sig. Eigum við ekki

Vekja athygli valdamanna á því jákvæða sem við erum að gera. Illugi talaði ekki við fólk sem vinnur á vettvangi þegar hann gaf út hvítbókina.

Besti flokkurinn hafði áhrif á stjórnámálamenninguna? Mögulega munu næstu kynslóðir sem eru aldar upp við að móta sitt starf vera betri farvegur fyrir þjónandi forystu.

Stjórnámálamenn þekkja sinn hluta af samfélaginu og halda mögulega að þeir þekki betur alla hluta samfélagsins. Við þurfum ekki bara að kynna samfélagið fyrir stjórnámálamönnum. Við þurfum að velja stjórnámálamenn sem hafa fjölbreytta sýn. Við þurfum að forðast að valdhafarnir verði einsleitir. Við viljum skrautlegri hóp valdhafa.

Valdhafar þurfa að vera duglegri að hlusta. Þeir sem leita eftir valdastöðum í stjórnámálum eru þeir sem vilja vera aðal. Er það ekki andstæða við þjónandi forystu. Samkvæmt þjónandi forystu áttu ekki að vilja vera aðal maðurinn.

Það einkennir þjónandi leiðtoga að þeir fá fólk með sér og veljast á toppinn. Pólítíkusar þurfa mjög að selja sig og því.

- Orðið valdhafi sem kemur fram í spurningunni er truflandi þar sem þátttakendur upplifa að það eigi illa heima með þjónandi forystu – svörun í spurningu 1 gefur svörun í spurningu 2
- Þar sem hlustun er eitt af lykilþáttum í þjónandi forystu þá þarf rödd allra að koma fram og vera heyrnleg.
- Að virkja rödd annarra er flókið verkefni en mikilvægur eiginleiki þess sem fer með forystu – hvernig förum við að því
- Að vera sýnilegur og láta í sér heyra – hrós er í lagi ekki bara að láta í sér heyrast þegar illa gengur
- Hvað þýðir það að hlusta?
- Krafa til valdhafa er að vera upplýsandi – mikilvægt hlutverk

Fram kom að hópurnir telur að fyrir bankahrun hafi tengsl á milli almennings og valdhafa verið bágborin. Almennigur geti nú helst hjálpað valdhöfum til að gera tengslin eðlilegri með því að efla málefnalega umræðu, þar sem allir leggja sitt sitt af mörkum, í jákvæðum tilgangi.

Þörf er á að koma inn hjá stjórnvöldum skilningi á auðmýkt og heiðarleika—þau hlusti og viðurkenni mistök sem þau gera.

Mikið skortir á að það náist inn í menninguna að menn beri ábyrgð á verkum sínum.

- Láta í sér heyra
- Vera þátttakendur í samfélaginu
- Virkja á sér röddina
- Aðferð þjónandi forystu er samtal – raunverulegt samtal
- Samtal er aðferð þjónandi forystu dags daglega en líka til að innleiða hana
- Það eiga að vera skiptar skoðanir
- Verður að vera einhver samhljómur
- Vera virkur í samfélaginu
- They is yall
- Hjá hinu opinbera – sjaldgæft að þeir fari yfir, gera bara bare minimum
- Fyrir hvað er ég að gera þetta? Er ég að gera þetta fyrir hærra laun eða þ.h.
- Skipta starfsmennirnir máli og þeirra hugsun og þælingar?
- Í litlum samfélögum þá forðast fólk oft pólitík
- Minnkandi kosningaþátttaka
- Erfitt að manna stjórnir í félagasetu og stjórnámálum
- Þarf að kynna stjórnámálaflokkana betur, t.d. innan framhaldsskólanna
- Ekki tími til að taka þátt í svona starfi
- Fólk mikið að skipta um vinnu – þarf aðlæra inn á nýtt starf sem tekur tíma
- **Þarf að virkja samfélagslega ábyrgð – hún er svolítið dottin upp fyrir**
- Þarf að vera flæði á milli staða innan samfélagsins

Að almenningur minni sig á að valdhafar eru í þeirra þjónustu. Samfélagslega ábyrgðin byrjar hjá einstaklingnum, hver sá sem kys framþjóðanda vandi vel til verka, ígrundi og greini ákveðna þætti þegar kosið er. Einstaklingar í samfélaginu rýni í staðreyndir og kjósi þá

einstaklinga í forystu sem eru líklegastir til þess að hafa áhrif og koma á markverðum breytingum, eins og t.d. ef breyta þarf gömlum viðhorfum og gömlum hefðum. Má þarf nefna launamisrétti kynja, þar mætti hafa þá staðreynd í huga að konur eru helmingur íbúa landsins, kjósa konur til áhrifa ef okkur finnst við vera í alltof karllægu umhverfi.

Virkja samfélagslega ábyrgð, viðhafa góðu gildin og koma á skýrum skilaboðum til valdhafa um að það kann ekki góðri lukku að stýra að umræða á alpingi einkennist af úlfúð, togstreitu og óviðunandi hegðun.

Efla þarf umræðuna um góð samskipti og góða hegðun og að einstaklingar í samfélaginu séu virkir þátttakendur í samræðum. Ákveðnir hópar með málefnalegum hætti hvetji valdhafa til að aðhafast og ná fram breytingum. Greina þarfir í öllum hópum m.t.t. nálgunar varðandi ýmis þjóðmál. T.d. efla umræðu hjá ungu fólki alveg niður í grunnskóla, hvernig lítur maður á sig sem borgara? hvað þýðir það að vera í þjónustu? Erum fulltrúar í opinberum geira. Átta okkur á að þetta er að þjóna okkur. Sjá til þess að börn og unglingar fái að taka þátt í þjóðfélagslegri umræðu á því þroskastigi sem hentar. Rannsóknir sýna að þau hafa meiri vitund um þessi mál en við höldum. Efla samræðuna og skapa tækifærin t.d. með því að efla rökræðutækni og samskiptatækni í skólum, en á þann hátt eflum við sjálfstraust og styrkjum unga fólkið til að gefa endurgjöf og taka þátt í umræðunni um málaflokka hverju sinni.

Varðandi tengsl á milli almennings og valdhafa ræddi hópurinn að það þyrfti að vera samræður á milli hópanna, ekki einræða hjá kjörnum fulltrúum. Auðmýkt væri sjaldséð í stjórnámálum. Auknir möguleikar á beinu þátttökulýðræði (eins og betrireykjavik.is og íbúavefur Reykjanesbæjar) var nefnt sem viðleitni til að breyta þessu.

- Meðvitund - að hver og einn taki ákvörðun um að sýna samfélagslega ábyrgð
- Að hver og einn taki ábyrgð
- Koma hugmyndafræðinni inn í menntakerfið frá grunni
- Ekki síður inn í háskólanna - þar sem við erum að búa til sérfræðinga...t.a.m. Viðskiptafræðinga sem einblína bara á arð í peningum en ekki í öðrum ávinningi/arði.
- Velliðun starfsfólks
- Getur ekki sinnt viðskiptavinum (umbjóðendum) þegar ekki er hlúað að starfsfólki
- Þátttaka starfsfólks í ákvarðanatöku
- Enginn er góður samfélagsþegn ef þeir eru ekki ánægðir í því sem þeir eru að gera. T.a.m. Börn sem eru í skóla frá 8-18.
- Mannvirðing fyrir yngstu kynslóðina og fjölskylduna.
- Sýna sjálfum sér umhyggju
- Að skylda ráðamenn til að sitja námskeið í þjónandi forystu
- Styrkja sjálfsstyrkingu og sjálfsþekkingu
- Kenna samhyggð
- Ráðum Ara Eldjárn til að kenna muninn á samfélagslegri ábyrgð í DK vs IS
- Kenna börnum að spila á hljóðfæri í hópum - þá ferðu að hlusta á aðra - æfir samhyggðarvöðvann
- Búa til þorpsstemmningu - íbúasamtök - hvernig getum við virkjað nærumhverfið okkar?

Þjóðfélagið hefur breyst – einu sinni var fólk í miklum tengslum við hvort annað, en nú erum

við öll með snjalltæki í kjöltunni og erum hætt að mæta í heimsókn. Kannski erum við orðin of kurteis.

Fólk er svo langt frá hvort öðru að það skilur ekki hvort annað eða hvors annars aðstæður, eins og t.d. í læknadeilunni, þar er himinn og haf á milli skilnings pólitíkusa á málinu og skilnings heilbrigðisstarfsfólks.

Þurfum ekki endilega að vera sammála öllum eða hvort öðru en þurfum að kunna að vinna saman og koma hlutum í verk.

Hvítbókin er eitt dæmi um misconnection – hlutirnir eru ákveðnir og svo á bara að kýla þá í gegn –með eða án samþykkis fólksins sem á að framfylgja reglunum.

Við gefum okkur ekki tíma til að tala saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu um stefnu og hver við séum og hvað við viljum gera og hvernig.

Skortur á umburðarlyndi fyrir fjölbreytileikanum, of mikill hraði í samfélaginu, þurfum að læra að staldra við og vega og meta hlutina og fá inn öll sjónarmið.

Við erum mjög lítið samfélag með fullt af fólki með flotta menntun, en ekki alltaf getum við verið með fagfólk í öllum störfum eins og t.d. bæjarfulltrúa / borgarfulltrúa og borgarstjóra sem eru ekki endilega sérmenntaðir fyrir þau embætti sem þeir sinna.

Uppbyggileg umræða í gegnum;

jákvæður fréttáflutningur;

- þátttaka á pólitískum vettvangi - íbúafundir
- opin samskipti; gegnsæi, sbr. rafræn stjórnsýsla.

Íbúalýðræði. -> auka samfélagslega ábyrgð, sem aftur hefur áhrif á valdhafa.